

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Áslands 2. áfanga, Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 21. nóvember 2000 breytingu á deiliskipulagi Áslands 2. áfanga, vegna Svöluáss og Erluáss.

Breytingin felst í því að breytt er fjöldi og gerð einbýlishúsalóða, raðhúsalóð nr. 3 - 9 við Erluás breytist í 2 parhúsalóðir og aðkomum og fyrirkomulagi við bogafjölbýlishúsin við Svölu- og Erluás er breytt.

Breytingin var í auglýsingu 29. nóvember 2000 - 29. desember 2000, og athugasemdafrestur til 12. janúar 2001, samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F. h. Hafnarfjarðarbæjar, 19. febrúar 2001.

Hafðís Hafliðadóttir skipulagsstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 69, 25. janúar 2001, um lista yfir viðurkennd ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem heimilt er að flytja inn sjávarafurðir, afurðir vatna og eldisfiska frá.

1. gr.

Á eftir orðinu „Kenýa“ í 3. gr. auglýsingarinnar kemur: Kongó - lýðveldið¹⁾

¹⁾ Aðeins heimilt að flytja inn sjávarafurðir sem eru veiddar, frystar og fullpakkaðar á sjó.

2. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli 22. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum og tekur þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 19. febrúar 2001.

F. h. r.

Arndís Á. Steinþórsdóttir.

Þórir Skarphéðinsson.